



VIÐAUKI VIÐ INNVIÐASKÝRSLU

Vesturbyggð

07.06.2021



VESTURBYGGÐ



SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ**SKJALALYKILL**

4063-002-SKY-002-V02

SKÝRSLUNÚMER / SÍÐUFJÖLDI

02 / 39

VERKEFNISSTJÓRI – FULLTRÚI VERKKAUÐA

Rebekka Hilmarsdóttir

VERKEFNISSTJÓRI – EFLA

Berglind Hallgrímsdóttir

LYKILORÐ

Innviðir, sveitarfélag, aðgerðir

STAÐA SKÝRSLU

- ☐ Í vinnslu
☒ Drög til yfirlstrar
☐ Lokið

DREIFING

- ☐ Opin
☐ Dreifing með leyfi verkkaupa
☒ Trúnaðarmál

TITILL SKÝRSLU

Viðauki við innviðaskýrslu

VERKHEITI

Innviðagreining Vesturbyggð

VERKKAUÐI

Vesturbyggð

HÖFUNDUR

Berglind Hallgrímsdóttir, Guðmundur Sigfinnsson, Jón Heiðar Ríkhartsson, Haukur Ásberg Hilmarsson og Ragnar Gauti Hauksson

ÚTDRÁTTUR

ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
1	Guðmundur Sigfinnsson og Ragnar Gauti Hauksson	14.04.21	Berglind Hallgrímsdóttir	14.04.21	Guðmundur Sigfinnsson	16.04.21
2	Guðmundur Sigfinnsson, Jón Heiðar Ríkharðsson og Ragnar Gauti Hauksson	4.06.21	Stefán Þór Kristinsson	7.06.21	Rebekka Hilmarsdóttir	xx.xx.xx

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	7
2	GREINING Á STÖÐU INNVIÐA OG SAMFÉLAGS	8
2.1	Íbúðasvæði	8
2.2	Greining á samfélaginu	12
2.2.1	Íbúasamsetning	12
2.2.2	Samfélagsþjónusta	17
2.3	Þróun atvinnumála	18
2.4	Þróun og horfur í fiskeldi	23
2.5	Greining á veitum og sorpi	26
2.6	Greining á samgöngum	26
2.6.1	Stofnvegir	26
3	SVIÐSMYND 4 OG 5 – STARFSEMI HÆTT/STARFSEMI FLYTUR	30
3.1	Sviðsmynd 4– starfsemi hættir	30
3.2	Sviðsmynd 5- færsla á starfsemi	33
3.2.1	Mögulegar staðsetningar	26
3.2.2	Áhrif af færslu starfseminnar	26
3.3	Aðrir möguleikar/starfsemi í stað núverandi	38
4	NIÐURSTÖÐUR	39

MYNDASKRÁ

MYND 2-1	Fjöldi fólks að meðaltali í hverri íbúð	9
MYND 2-2	Þróun söluverðs íbúða á raunvirði eftir landshlutum	10
MYND 2-3	Tólf mánaða raunverðsbreytingar í vísitölu söluverðs	10
MYND 2-4	Mannfjöldi í Vesturbyggð 1. janúar hvers árs	12
MYND 2-5	Mannfjöldi í Patreksfirði og Bíldudal 1. janúar hvers árs	13
MYND 2-6	Þróun í fjölda aðfluttra umfram brottfluttra íbúa í Vesturbyggð 1994-2019	13
MYND 2-7	Aldurssamsetning á Bíldudal og Patreksfirði 2001, 2011 og 2021	15
MYND 2-8	Hlutfall einstaklingsheimila af heildarfjölda kjarnafjölskyldna 2000-2020	17
MYND 2-9	Þróun í fjölda leik- og grunnskólanemenda í desember ár hvert í Vesturbyggð	18
MYND 2-10	Fjöldi starfandi einstaklinga í Vesturbyggð	19
MYND 2-11	Þróun í 12 mánaða breytingu vinnuafls	19
MYND 2-12	Þróun hlutfalls starfandi af heildarmannfjölda	20
MYND 2-13	Atvinnuleysi í Vesturbyggð og á landsvísu	20
MYND 2-14	Atvinnuleysi í nokkrum sveitarfélögum	21
MYND 2-15	Atvinnutekjur í Vesturbyggð og á landsvísu	22
MYND 2-16	Atvinnutekjur karla og kvenna að meðaltali auk meðaltals allra íbúa í Vesturbyggð	22
MYND 2-17	Atvinnutekjur í Vesturbyggð þar sem atvinnutekjur ársins 1994 eru ákvarðaðar 100	23
MYND 2-18	Framleiðsla í eldi eftir landshlutum	23
MYND 2-19	Hlutfall landshluta í heildarframleiðslu eldisfisks	24
MYND 2-20	Útflutningur á eldisfiski 1999-2020. Heimild: Hagstofa Íslands	24
MYND 2-21	Þróun í veltu fiskeldisfyrirtækja í samanburði við viðskiptahagkerfið í heild	25
MYND 2-22	Árlegur launakostnaður á hvern starfsmann	25
MYND 2-23	Skjáskot af Vefsja Vegagerðarinn með yfirlit yfir ÁDU 2019	27
MYND 2-24	Yfirlitskort af vetrarþjónustu á sunnanverðum Vestfjörðum.	28
MYND 2-25	Skjáskot af kortasjá Samgöngustofu, yfirlit yfir umferðaróhöpp	29
MYND 3-1	Bíldudalur við Strandgötu	33
MYND 3-2	Möguleg staðsetning á Bíldudal.	34
MYND 3-3	Möguleg staðsetning á Patreksfirði.	34

TÖFLUSKRÁ

TAFLA 2-1	Yfirlit yfir fjölda íbúða í Vesturbyggð flokkað í sérbýli og fjölbýli	8
TAFLA 2-2	Staða lausra lóða innan þéttbýlis Patreksfjarðar skv. gildandi aðalskipulagi	11
TAFLA 2-3	Staða lausra lóða innan þéttbýlis Bíldudals	11
TAFLA 2-4	Yfirlit yfir mannfjölda innan Vesturbyggðar 1. janúar 2021 eftir aldri borið saman við landið í heild	14
TAFLA 2-5	Yfirlit yfir samsetningu kjarnafjölskyldna innan Vesturbyggðar borið saman við landið í heild	16
TAFLA 2-6	Upplýsingar um fjölda nemenda í þéttbýli Vesturbyggðar.	18
TAFLA 2-7	Skerðingar og fjöldi rafmagnstruflana á Bíldadal og Patreksfirði	26
TAFLA 2-8	Yfirlit yfir lokanir yfir vetrartíma á Kleifarheiði og vegum yfir Hálfán og Mikladal	27
TAFLA 3-1	Yfirlit yfir sviðsmynd og forsendur þess	30
TAFLA 3-2	Skilgreining á ástandi innviða	30
TAFLA 3-3	Samantekt á áhrifum á innviði og aðgerðir af viðbótarsviðsmynd	32
TAFLA 3-4	Skilgreining á áhrifum af færslu starfsemi frá núverandi staðsetningu	35
TAFLA 3-5	Samantekt á áhrifum á innviði og aðgerðir á þremur mismunandi valkostum	36

1 INNGANGUR

Verkefni þetta er viðauki við fyrri innviðagreiningu sem framkvæmd var af EFLU árið 2019 (sjá skýrslu með skjalalykil '4063-002-GRE-001' og titil '[Innviðagreining - Vesturbyggð](#)').

Meginmarkmið þessa verkefnis var að móta og greina tvær nýja sviðsmyndir. Nánar tiltekið sviðsmynd 4 þar sem gert er ráð fyrir því að starfsemi við slátrun og vinnslu á eldislaxi hætti og sviðsmynd 5 þar sem sú starfsemi byggist áfram upp en mögulega annars staðar innan sveitarfélagsins. Undirbúnaðarmið verkefnisins er að greina hvernig helst mætti nýta þá innviði sem þegar hafa verið byggðir þar upp í kringum slátrun á laxi á Bíldudal fyrir aðra starfsemi og meta hvaða aðrar staðsetningar innan Vesturbyggðar gætu helst hentað til framtíðar fyrir slátrun og vinnslu á eldislaxi.

Í þessu verkefni er notast við sömu forsendur og sviðsmyndagreiningu og notast var við í fyrri greiningarvinnu, með uppfærðum upplýsingum.

Við greiningu á öðrum staðsetningum sem helst gætu hentað vinnslu á laxi innan Vesturbyggðar er horft til núverandi innviða, þ.e.a.s. samgangna að og frá svæðinu, aðgengi að vatni og rafmagni.

Niðurstöður greiningarinnar nýtist til þess að ákvarða til hvaða aðgerða þurfi mögulega að ráðast í til þess að styðja við uppbyggingu atvinnulífs í Vesturbyggð.

2 GREINING Á STÖÐU INNVIÐA OG SAMFÉLAGS

Við greiningu megin innviða og þeirra þátta sem taldir eru geta haft áhrif á til framtíð Vesturbyggðar voru skilgreindir lykilþættir. Atvinnustarfsemi innan Vesturbyggðar er að mestu auðlindanýting sem krefst m.a. hafnaraðstöðu. Þessi auðlindanýting er samkeppnisforskot sem sveitarfélagið hefur. Því var horft til þess að greining á lykilþáttum væri að meta núverandi stöðu þeirra og hvernig hægt er að styðja við þessar atvinnugreinar og á sama tíma styðja nýja atvinnuuppbyggingu.

Valdir lykilþættir eru eftirfarandi:

- Íbúafjöldi – samsetning íbúa
- Fjöldi á vinnumarkaði
- Íbúðarlóðir
- Húsnæði – íbúða og atvinnu
- Hafnarsvæði
- Athafna og/eða iðnaðarlóðir
- Veitur (vatn, rafmagn, fráveita og boðveita)
- Samgöngur (flug, hafnir og þjóðvegir)
- Samfélagsþjónusta – s.s. skólar og heilbrigðisþjónusta.

2.1 Íbúðasvæði

Í Vesturbyggð voru skráðar 535 fullbúnar íbúðir í byrjun árs 2021¹ og þrjár íbúðir í byggingu skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Frá árinu 2010 til 2018 fækkaði íbúðum innan sveitarfélagsins um alls 20 íbúðir, en frá árinu 2018 hefur sú þróun snúist nokkuð við þar sem íbúðum hefur fjölgað um 14. Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins er gert ráð fyrir landsvæði fyrir allt að 178-206 nýjar íbúðir, 130-154 á Patreksfirði en töluvert minna landsvæði er á Bíldudal til uppbyggingar en þó er hægt að byggja upp um 48-52 íbúðir á reita A skv. gildandi aðalskipulagi.

TAFLA 2-1 Yfirlit yfir fjölda íbúða í Vesturbyggð flokkað í sérbýli og fjölbýli


ÁR	FJÖLDI ÍBÚÐA ALLS	FULLBÚIÐ SÉRBYLI	FULLBÚIÐ FJÖLBÝLI	ÓFULLBÚIÐ ² SÉRBYLI	ÓFULLBÚIÐ FJÖLBÝLI
2005	551	349	197	1	4
2006	549	349	195	1	4
2007	548	348	195	1	4
2008	545	347	196	2	--
2009	543	345	196	2	--
2010	541	346	191	4	--

¹ Með íbúð er átt við eina íbúð, s.s. eitt einbýlishús, eina íbúð í t.d. fjögurra íbúða raðhúsi, ein íbúð í fjölbýli eða önnur af tveimur íbúðum í parhúsi.

² Íbúð í ófullbúnu húsnæði er íbúð í húsi sem komið er með fokheldisvottorð (þ.e. komið á byggingarstig 4 eða ofar) en ekki fulltilbúið.


ÁR	FJÖLDI ÍBÚÐA ALLS	FULLBÚIÐ SÉRBYLI	FULLBÚIÐ FJÖLBÝLI	ÓFULLBÚIÐ ² SÉRBYLI	ÓFULLBÚIÐ FJÖLBÝLI
2011	539	344	190	5	--
2012	536	347	184	5	--
2013	535	350	182	3	--
2014	532	351	179	2	--
2015	529	349	178	2	--
2016	526	346	177	3	--
2017	527	345	178	4	--
2018	525	344	177	4	--
2019	536	344	187	5	--
2020	538	347	188	3	--
2021	538	347	188	3	--

Miðað við fjölda íbúða og íbúa er meðaltala íbúa í íbúð 2,0 sem er töluvert lægra en er innan höfuðborgarsvæðisins og landsmeðaltal, sjá mynd 2-1. Fjöldi íbúa í hverri íbúð hefur þó aukist umfram landsmeðaltal innan Vesturbyggðar á undanförunum árum, eða um 6,2% frá árinu 2019 samanborið við 1,8% að meðaltali á höfuðborgarsvæðinu og 1,3% yfir landið allt. Sú þróun bendir til aukins þrýstings á húsnaðismarkaðnum í Vesturbyggð sökum vaxandi skorts íbúðarhúsnaðis.




MYND 2-1 Fjöldi fólks að meðaltali í hverri íbúð

Þróun söluverðs íbúða á Vestfjörðum bendir einnig til vaxandi íbúðaskorts en líkt og sjá má á mynd 2-2 hafa talsverðar raunverðshækkningar mælst á Vestfjörðum frá árinu 2018.



MYND 2-2 Þróun söluverðs íbúða á raunvirði eftir landshlutum. Heimild: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS)

Talsverðar sveiflur eru í þróun söluverðs íbúða víða á landinu og þá ekki síst á Vestfjörðum en það má fyrst og fremst rekja til fárra fasteigna sem til sölu eru á hverjum tíma á fámennari svæðum landsins. Hins vegar má vel greina í gögnunum að söluverð hefur verið að leita upp á við innan Vestfjarða á undanförunum árum og ef horft er til nýjustu gagna mælist 12 mánaða raunhækkun söluverðs á Vestfjörðum í byrjun árs 2021 um 10% sem er mesta raunhækkun einstaka svæðis á landinu.



MYND 2-3 Tólf mánaða raunverðsbreytingar í vísitölu söluverðs miðað við 3ja mánaða hlaupandi meðaltöl. Heimild: HMS

Einnig benda tölur [Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar](#) yfir fjölda auglýstra íbúa til þess að fleiri íbúðir hafi verið að seljast undanfarna 12 mánuði á Vestfjörðum en fjöldi íbúða settar á sölu. Fyrir vikið hefur framboð íbúða til sölu á Vestfjörðum dregist saman um rúm 23% frá byrjun apríl 2020 fram til sama tímabils 2021.

Innan þéttbýlis á Patreksfirði er töluvert landsvæði skilgreint undir nýja íbúðabyggð (sjá töflu 2-2 og 2-3). Samkvæmt gildandi aðalskipulagi eru lausar lóðir innan þegar byggðra svæða en einnig eru svæði

nefnd A-G ný og samtals eru það 10,3 ha með um 103-117 lóðum. Nýju svæðin hafa ekki verið deiliskipulögð og lítið af eldri svæðum eru deiliskipulögð.

TAFLA 2-2 Staða lausra lóða innan þéttbýlis Patreksfjarðar skv. gildandi aðalskipulagi

SVÆÐI	STÆRÐ HA	BYGGÐAR LÓÐIR	LAUSAR LÓÐIR	DEILISKIPULAG
ÞEGAR BYGGÐ SVÆÐI				
Hólar	-	3	4-6	Í vinnslu
Urðargata	-	14	5-7	Í vinnslu
Brunnar	-	23	1-2	Í vinnslu
Stekkar	-	10	5-7	Nei
Hjallar	-	17	5-6	Nei
Sigtún	-	36	4-5	Nei
Aðalstræti	-	51	3-4	Nei
NÝ SVÆÐI				
A	1,2	-	12-14	Nei
B	1,7	-	17-19	Nei
C	3,0	-	30-32	Nei
D	0,7	-	7-9	Nei
E	0,8	-	8-10	Nei
F	0,8	-	8-10	Nei
G	2,1	-	21-23	Nei
Samtals		-	130-154	

TAFLA 2-3 Staða lausra lóða innan þéttbýlis Bíldudals

SVÆÐI	STÆRÐ HA	BYGGÐAR LÓÐIR	LAUSAR LÓÐIR	DEILISKIPULAG
ÞEGAR BYGGÐ SVÆÐI				
Bíldudalur	13	-	0	Nei
NÝ SVÆÐI				
A	4,8	-	48-52	Nei
Samtals			48-52	

Segja má að ekki skorti landsvæði til íbúðar uppbyggingar innan sveitarfélagsins sé horft til mannfjöldaspáa fyrir svæðið. Töluvert meira er af landsvæði sem þegar hefur verið tekið frá undir íbúðarbyggð á Patreksfirði en Bíldudal. Innan beggja byggðalaga vantar að deiliskipuleggja nýja og eldri íbúðarbyggð til að geta hafið uppbyggingu.


2.2 Greining á samfélaginu

Ein helsta ástæða fjölgunar íbúa innan sveitarfélagsins eru aukin atvinnutækifæri. Til þess að gott atvinnulíf geti dafnað þarf mannauður að vera til staðar. Í fyrri greinagerð kom fram að samráðsaðilar höfðu allir áhyggjur af samfélagsþjónustu og nefndu allir mikilvægi þess að innan Vesturbyggðar væri góð grunnþjónusta og fjölbreytt tómstundarstarf. Þessar áhyggjur eru til komnar vegna þess að fyrirtækin standa frammi fyrir þeim vanda að þurfa að laða til sín hæft og gott starfsfólks sem er tilbúið til að setjast að á svæðinu. Til þess þarf samfélagið að vera aðlaðandi og bjóða upp á sömu þjónustu og fyrir finnst í stærri sveitarfélögum landsins.

Í þessum kafla verður skoðað hvernig samfélagið er samsett í Vesturbyggð og hvaða samfélagsþjónusta er í boði.


2.2.1 Íbúasamsetning

Nokkur íbúaaukning hefur verið í Vesturbyggð undanfarin ár. Nánar tiltekið hefur íbúum fjölgað um nærri 20% á undanförunum 10 árum. Er þar um að ræða umtalsverðan viðsnúning frá tveimur áratugum þar á undan, en segja má að stöðug fækkun hafi verið í sveitarfélaginu frá árinu 1994 til ársins 2011 (sjá mynd 2-4). Meðalfækkunin á umræddu tímabili var ríflega 30 íbúar á ári hverju. Fæstir voru íbúarnir 890 árið 2011 en voru við upphaf ársins 2021 orðnir 1.064. Árið 1994 voru hins vegar 1.463 íbúar í sveitarfélaginu og fækkaði því sem nemur um 27% á tímabilinu.




MYND 2-4 Mannfjöldi í Vesturbyggð 1. janúar hvers árs

Íbúafjöldi hefur aukist á undanförunum áratug bæði á Bíldudal og Patreksfirði en árið 2011 voru íbúar á Patreksfirði 627 en í byrjun árs 2021 hafði þeim fjölgað um 15% og voru þeir orðnir 721 talsins. Árið 2011 voru íbúar á Bíldudal 161 en í byrjun árs 2021 voru þeir orðnir 238 talsins, sem er 48% fjölgun yfir tímabilið.



MYND 2-5 Mannfjöldi í Patreksfirði og Bíldudal 1. janúar hvers árs

Frá byrjun árs 2011 og fram til loka árs 2019 höfðu alls 817 manns flutt búferlum til Vesturbyggðar og 725 flutt frá sveitarfélaginu yfir sama tímabil. Um 64% þeirra sem fluttu yfir þetta tímabil til Vesturbyggðar fluttu búferlum frá öðrum landsvæðum hérlandis en Vestfjörðum, 29% komu erlendis frá og 7% frá öðru sveitarfélagi innan Vestfjarða.



MYND 2-6 Þróun í fjölda aðfluttra umfram brottfluttra íbúa í Vesturbyggð 1994-2019

2.2.1.1 Samsetning íbúa eftir aldri og kyni



Nánari samsetning mannfjölda í Vesturbyggð eftir aldri má sjá í töflu 2-4 sem og samanburð við landið í heild. Munurinn er mestur í aldurshópnum 10-14 ára, eða 1,62 prósentum hlutfallslega færri í Vesturbyggð en á landsvísu. Í aldurshópnum 25-29 ára eru 1,49 prósentum hlutfallslega fleiri í Vesturbyggð en á landsvísu og einnig 1,41 prósentum fleiri í yngsta aldurshópnum (0-4 ára). Að jafnaði

má segja að hlutdeild aldurhópa er svipuð í Vesturbyggð og á landsvísu. Hins vegar verður að hafa í huga að Vesturbyggð er fremur fámennt sveitarfélag og mannfjöldinn í hverjum aldurhópi samanstendur af fremur fáum einstaklingum.

TAFLA 2-4 Yfirlit yfir mannfjölda innan Vesturbyggðar 1. janúar 2021 eftir aldri borið saman við landið í heild

ALDUR Í JANÚAR 2021	Á LANDSVÍSU	VESTURBYGGÐ	Á LANDSVÍSU	VESTURBYGGÐ	MISMUNUR
0-4 ára	21.827	78	6%	7%	1,41%
5-9 ára	22.823	65	6%	6%	-0,08%
10-14 ára	24.339	53	7%	5%	-1,62%
15-19 ára	22.303	57	6%	5%	-0,69%
20-24 ára	25.466	78	7%	7%	0,43%
25-29 ára	30.221	103	8%	10%	1,49%
30-34 ára	28.724	86	8%	8%	0,29%
35-39 ára	26.066	75	7%	7%	-0,02%
40-44 ára	24.616	73	7%	7%	0,19%
45-49 ára	23.513	53	6%	5%	-1,39%
50-54 ára	21.713	64	6%	6%	0,13%
55-59 ára	21.958	68	6%	6%	0,44%
60-64 ára	20.864	64	6%	6%	0,36%
65-69 ára	17.415	50	5%	5%	-0,02%
70-74 ára	14.168	48	4%	5%	0,67%
75-79 ára	9981	22	3%	2%	-0,64%
80-84 ára	6245	17	2%	2%	-0,10%
85-89 ára	4072	4	1%	0%	-0,73%
90-94 ára	2012	6	1%	1%	0,02%
95+	466	0	0%	0%	-0,13%
Alls	368.792	1.064			

Á mynd 2-7 má sjá frekari greiningu mannfjöldans á Bíldudal annars vegar og Patreksfirði hins vegar. Ef borin er saman samsetning íbúafjöldans á Bíldudal í byrjun árs 2021 við árin 2011 og 2001 má sjá að börnum hefur farið þar hlutfallslega fækkandi. Á árinu 2001 var aldurshópurinn 10-19 ára áberandi stærsti aldurshópurinn á Bíldudal og nú 20 árum síðar eru þeir árgangar enn fjölmennasti hópur bæjarins. Á Patreksfirði hefur aldurssamsetningin almennt breyst hlutfallslega minna en á Bíldudal ef undan er skilinn aldurshópurinn 40-49 ára þar sem hlutfall þess hóps hefur lækkað ögn meira í Patreksfirði en á Bíldudal frá árinu 2001.



MYND 2-7 Aldurssamsetning á Bíldudal og Patreksfirði 2001, 2011 og 2021

2.2.1.2 Fjölskyldusamsetning


Í töflu 2-5 má sjá samsetningu fjölskyldna innan Vesturbyggðar samkvæmt tölum og skilgreiningu Hagstofu Íslands. Hlutdeildin er áþekkt fyrir flesta flokka Hagstofunnar en hlutfallslega fleiri íbúar í Vesturbyggð héldu einir heimili af heildarfjölda kjarnafjölskyldna í byrjun árs 2020, eða um 3 prósentustigum. Hins vegar voru 2 prósentustigum færri einstæðar mæður en að meðaltali yfir landið allt.

TAFLA 2-5 Yfirlit yfir samsetningu kjarnafjölskyldna innan Vesturbyggðar borið saman við landið í heild³

VESTURBYGGÐ 2020	FJÖLDI	HLUTFALL AF HEILD	
Einstaklingar	375	63%	
Hjónaband án barna	89	15%	
Hjónaband með börnum	66	11%	
Óvígð sambúð án barna	17	3%	
Óvígð sambúð með börnum	28	5%	
Karl með börn	1	0%	
Kona með börn	22	4%	
Kjarnafjölskyldur alls Vesturbyggð	598		
LANDIÐ ALLT 2020	FJÖLDI	HLUTFALL AF HEILD	MISMUNUR Á MILLI
Einstaklingar	125.860	60%	3 prósentustig
Hjónaband án barna	33.969	16%	-1 prósentustig
Hjónaband með börnum	23.103	11%	0 prósentustig
Óvígð sambúð án barna	4.575	2%	1 prósentustig
Óvígð sambúð með börnum	10.595	5%	0 prósentustig
Karl með börn	1.427	1%	-1 prósentustig
Kona með börn	10.999	5%	-2 prósentustig
Kjarnafjölskyldur alls landið allt	210.528		

Hlutfall einstaklinga sem halda einir heimili hefur farið almennt hækkandi hér á landi það sem af er þessari öld, en líkt og sjá má á mynd 5 hefur það hlutfall sérstaklega farið hratt vaxandi í Vesturbyggð frá árinu 2018, en á því ári var það hlutfall á pari við landið í heild.

³ Samkvæmt Hagstofu teljast til einstaklinga allir sem hafa náð 18 ára aldri en falla ekki undir neinn annan flokk af þeim sem taldir eru upp í listanum, óháð því hvort þeir búa í foreldrahúsum eða ekki. Sjá frekar á www.hagstofa.is



MYND 2-8 Hlutfall einstaklingsheimila af heildarfjölda kjarnafjölskyldna 2000-2020

2.2.2 Samfélagsþjónusta

Á Bíldudal hefur verið boðið upp á lengda viðveru grunnskólabarna vegna fjölgunar íbúa og til að koma til móts við fjölskyldufólk.

Staðsettar eru þjónustumiðstöðvar á Bíldudal, Patreksfirði og á Tálknafirði sem veita stofnunum og bæjarbúum margvíslega þjónustu, einkum í tengslum við rekstur á innviðum sveitarfélaganna.

Vesturbyggð og Tálknafjörður eiga í talsverðu samstarfi innbyrðis. Einnig eru sveitarfélögin þátttakendur í ýmsu samstarfi sem rekið er á landshlutagrunni, s.s. landshlutasamtökum, atvinnuþróun og málefnum fatlaðra.

2.2.2.1 Skólar

Innan Vesturbyggðar eru reknir tveir grunnskólar og tveir leikskólar. Einnig er starfandi framhaldsdeild Fjölbrautaskóla Snæfellinga og tónlistarskóli.

Í nýjum leikskólum hefur verið miðað við um 7 fermetra á nemanda hérlandis í heildarrými.


Hérlandis hefur verið miðað við um 10-11 fermetra á nemanda í heildarrými í nýjum grunnskólum⁴.

⁴ Sjá til dæmis upplýsingar um Krikaskóla (http://www.krikaskoli.is/library/Skrar-Krikaskola/Krikaskoli_forsogn.pdf) og Helgafellsskóla (<http://www.mosfellsbaer.is/thjonusta/menntun-og-born/helgafellsskoli/>)

TAFLA 2-6 Upplýsingar um fjölda nemenda í þéttbýli Vesturbyggðar.

SKÓLI	FJÖLDI NEMENDA SKÓLAÁRIÐ 2019-2020	FERMETRAR
Patreksskóli grunn- og leikskóladeild	95	1020+1450 m ²
Bíldudalsskóli	29	560 m ²
Leikskólinn Araklettur á Patreksfirði	36	340 m ²
Leikskólinn á Bíldudal	9	131 m ²
Framhaldsdeild Fjölbautaskóla Snæfellinga	28 (haustönn 2018)	Er í húsnæði Patreksskóla

Ef horft er til breytinga á fjölda nemenda í leik- og grunnskólum í Vesturbyggð á undanförunum árum þá hefur sú þróun verið nokkuð vel í takti við mannfjöldabreytingar frá árinu 2011. Frá lokum árs 2010 og fram til byrjunar árs 2020 hefur nemendum leik- og grunnskólum sveitarfélagsins fjölgað alls um rúm 17% samanborið við 15% heildarmannfjöldaaukningu svæðisins yfir sama tímabil. Ef hins vegar er horft lengra aftur, eða til loka ársins 2001, þá kemur í ljós að fjöldi leik- og grunnskólanemenda dróst alls saman um 22% samanborið við 11% heildarfækkun íbúa í Vesturbyggð yfir sama tímabil.



MYND 2-9 Þróun í fjölda leik- og grunnskólanemenda í desember ár hvert í Vesturbyggð skv. skrá Hagstofunnar

2.2.2.2 Heilbrigðis- og félagsþjónusta

Vestfirðir eru eitt heilbrigðisumdæmi og segir í reglugerð um heilbrigðisumdæmi í 12. gr. „Heilbrigðisstofnun Vestfjarða veitir almenna heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisumdæmi Vestfjarða að því marki sem sveitarfélögum eða öðrum aðilum hefur ekki verið falið að veita þjónustuna.“

Innan Vesturbyggðar er að finna sjúkrahús á Patreksfirði og heilsugæslu. Viðvera sérfræðinga er mismunandi og er það auglýst hverju sinni.

2.3 Þróun atvinnumála


Vinnumálastofnun áætla fjölda starfandi í sveitarfélögum í hverjum mánuði. Á mynd 2-10 má sjá mat Vinnumálastofnunar á fjölda starfandi innan Vesturbyggðar frá árinu 2000. Við upphaf tímabilsins var

fjöldinn nærri 700 manns og fór lægst niður í um 500 manns í einstökum mánuðum á tímabilinu 2008-2010.




MYND 2-10 Fjöldi starfandi einstaklinga í Vesturbyggð skv. gögnum Vinnumálastofnunar

Frá árinu 2016 hefur fjöldi starfandi verið metinn um 600 manns í sveitarfélaginu en frá árinu 2019 hefur þróunin í ársbreytingu vinnuafls verið að stefna uppávið í Vesturbyggð en eins og sést á mynd 2-11 hefur sú þróun verið nokkuð á niðurleið ef horft er til landsins alls.




MYND 2-11 Þróun í 12 mánaða breytingu vinnuafls skv. gögnum Vinnumálastofnunar (hlaupandi 6 mánaða meðaltöl)

Hlutfall starfandi af heildarmannfjölda hefur aukist talsvert umfram meðaltal landsins í Vesturbyggð á undanförunum 15 árum. Frá árinu 2005 hefur það hlutfall hækkað úr 51% upp í hæst 59% af heildarmannfjölda árið 2019 í Vesturbyggð. Á árinu 2020 var það hlutfall þó komið niður í 55% í sveitarfélaginu en var á sama tíma yfir landið allt að meðaltali 51%.




MYND 2-12 Próun hlutfalls starfandi af heildarmannfjölda skv. skráum Hagstofunnar og línuleg leitni

Á tímabilinu 2000 til 2021 var atvinnuleysi að meðaltali 2,4% í Vesturbyggð en 3,6% á landsvísi. Á mynd 2-13 má sjá sex mánaða hlaupandi meðaltal atvinnuleysis frá árinu 2000. Atvinnuleysi jókst ekki jafn mikið í Vesturbyggð og víða annars staðar á landinu við efnahagshrunið 2008 og sömu sögu má einnig segja um þá niðursveiflu sem nú stendur yfir.



MYND 2-13 Atvinnuleysi í Vesturbyggð og á landsvísi (6 mánaða hlaupandi meðaltal skv. gögnum Vinnumálastofnunar)

Líkt og sjá má á mynd 2-13 hafa efnahagsleg áhrif af Covid-19 ekki, a.m.k. enn sem komið er, haft jafn slæm áhrif á stöðu vinnuafls í Vesturbyggð og að meðaltali yfir landið allt en líklegustu skýringu þess má væntanlega finna í lægra vægi ferðamennsku í Vesturbyggð en víða annarsstaðar. Á mynd 2-14 má sjá samanburð á atvinnuleysi (hlaupandi sex mánaða meðaltal) Vesturbyggðar og nokkurra annarra sveitarfélaga á tímabilinu 2000-2021. Atvinnuleysi í Vesturbyggð hefur verið álíka mikið á undanförunum árum og í Fjarðabyggð.



MYND 2-14 Atvinnuleysi í nokkrum sveitarfélögum (6 mánaða hlaupandi meðaltal skv. gögnum Vinnumálastofnunar)


Ef litið er til áranna 2018 og 2019⁵ og horft til einstakra atvinnugreina var atvinnuleysi í Vesturbyggð skv. Vinnumálastofnun að meðaltali mest í fiskvinnslu og þar næst í fiskveiðum. Á báðum þeim árum var mest um atvinnuleysi fólks sem flokkað er sem verkafólk í skráningu Vinnumálastofnunar og hæsta menntun úr grunnskóla var að meðaltali 72% mánaðarlegra skráninga atvinnuleysis hjá Vinnumálastofnun á árunum tveimur.

Atvinnuleysi til skamms tíma er algengast og nemur það um tveimur þriðju hlutum skráðs atvinnuleysis á tímabilinu 2018-2019. Tæplega helmingur þeirra sem skráðir voru atvinnulausir að meðaltali á árunum tveimur voru skráðir íslenskir ríkisborgarar og að meðaltali 45% pólskir. Hlutfall annarra ríkisborgara var breytilegt eftir mánuði, en var frá 0% og upp í um 17% á tímabilinu.

Atvinnutekjur⁶ hafa verið að þróast á áþekkan hátt í Vesturbyggð að meðaltali og á landsvísu á undanförunum árum. Árið 1994 eru atvinnutekjur mjög áþekkar í sveitarfélaginu að meðaltali og á landsvísu. Atvinnutekjur aukast mun hraðar að meðaltali á landsvísu fram til ársins 2007 en samdrátturinn á árunum þar á eftir færir landsmeðaltalið nærri meðaltalinu í Vesturbyggð árið 2009. Á síðastliðnum árum hafa meðalatvinnutekjur þróast á svipaðan hátt í Vesturbyggð og á landsvísu. Raunverðshækkun atvinnutekna nam um 2% að meðaltali í Vesturbyggð árið 2019 frá fyrra ári samanborið við 0,5% raunverðslækkunir yfir landið allt að meðaltali. Atvinnutekjur voru hins vega um 3% lægri í Vesturbyggð en að meðaltali á landsvísu á árinu 2019.


⁵ Árið 2019 er nýjasta árið sem sundurliðaðar tölur liggja fyrir hjá Vinnumálastofnun.

⁶ Atvinnutekjur samanstanda af launatekjum og öðrum starfstengdum tekjum auk reiknaðs endurgjalds. Ekki eru um heildartekjur einstaklinga að ræða þar sem t.d. bætur almannatrygginga, greiðslur úr lífeyrissjóðum og fjármagnstekjur teljast ekki til atvinnutekna.



MYND 2-15 Atvinnutekjur í Vesturbyggð og á landsvísu skv. Hagstofu á verðlagi ársins 2019 (pús. kr.)


Konur eru með lægri atvinnutekjur að meðaltali en karlar í Vesturbyggð og nam munurinn árið 2019 um 48% og er það um 3 prósentum meiri munur en á landsvísu.⁷



MYND 2-16 Atvinnutekjur karla og kvenna að meðaltali auk meðaltals allra íbúa í Vesturbyggð skv. Hagstofu á verðlagi ársins 2019 (pús.kr.).

Munurinn í atvinnutekjum kynjanna í Vesturbyggð hefur farið minnkandi á allra síðustu árum en hann var um langt skeið um og yfir 50%. Á mynd 2-17 má sjá þróun atvinnutekna kynjanna í Vesturbyggð þar sem búin hefur verið til vísitala sem ákvörðuð er 100 árið 1994.


⁷ Hér teljast einungis þeir einstaklingar sem hafa á hverju ári fyrir sig framtaldar atvinnutekjur en ekki er gerður neinn greinarmunur á hvers konar vinna er þar að baki.



MYND 2-17 Atvinnutekjur í Vesturbyggð þar sem atvinnutekjur ársins 1994 eru ákvarðaðar 100 (gögn Hagstofu)


2.4 Þróun og horfur í fiskeldi

Framleiðsla á eldisfiski hefur aukist umtalsvert hérlandis á undanförunum árum og þá einna mest á Vestfjörðum og Austfjörðum vegna aukningar á eldislaxi í kvíum í þeim fjörðum. Alls var slátrað um 40,6 þúsund tonnum af eldisfiski á árinu 2020, sem er framleiðslumet og um 20% aukning frá árinu 2019. Á Vestfjörðum var alls slátrað ríflega 22 þúsund tonnum árið 2020 og jókst framleiðslan þar um 40% á milli ára, en framleiðsla árið 2015 var um 3 þúsund tonn, sem þýðir að á því tímabili hefur framleiðsla á Vestfjörðum meira en sexfaldast.




MYND 2-18 Framleiðsla í eldi eftir landshlutum (í þúsundum tonna af óslægðum fiski). Heimild: radarinn.is (mælaborð sjávarútvegsins)

Árið 2020 var heildarhlutdeild eldisstöðva á Vestfjörðum nánar tiltekið alls 55% af framleiðslu á eldisfiski hér á landi og má áætla heildarútflutningsverðmæti þeirrar framleiðslu upp á ríflega 16 milljarða króna.




MYND 2-19 Hlutfall landshluta í heildarframleiðslu eldisfisks. Heimild: radarinn.is (mælaborð sjávarútvegsins)

Heildar útflutningsverðmæti fiskeldisins var um 31,5 ma.kr. á síðasta ári og nam verðmæti á eldislaxi þar af 22,6 milljörðum króna eða 72% af heildinni.




MYND 2-20 Útflutningur á eldisfiski 1999-2020. Heimild: Hagstofa Íslands

Fiskeldisfyrirtæki hafa vaxið talsvert umfram viðskiptahagkerfið í heild á undanförunum árum líkt og sjá má á mynd 2-21. Velta í fiskeldi nam árið 2011 um 0,1% af heildarveltu viðskiptahagkerfisins það árið en var árið 2020 komið upp í 0,8% af þeirri heildarveltu.



MYND 2-21 Þróun í veltu fiskeldisfyrirtækja í samanburði við viðskiptahagkerfið í heild (VSK-velta á hlaupandi 6 mánaða meðaltali)

Einnig hafa meðallaun starfsmanna í fiskeldi vaxið umfram meðallaun annarra atvinnugreina á undanförunum árum, en á árinu 2019 var launakostnaður á hvern starfsmann í fiskeldi rúmar 9,6 m.kr. samanborið við 8 m.kr. að meðaltali í viðskiptahagkerfinu í heild.



MYND 2-22 Árlegur launakostnaður á hvern starfsmann (á föstu verðlagi 2019)

Ef horft er til núgildandi rekstrarleyfa til sjókvíareldis á sunnanverðum Vestfjörðum er til staðar heimild til framleiðslu á alls 29.000 tonnum af frjóum laxi í Patreks-, Tálkna- og Arnarfirði. Yrði hins vegar farið að fullu leyti að ráðleggingum Hafrannsóknastofnunar út frá áhættumati þeirra vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi gæti hámarkseldiframleiðsla á frjóum laxi alls farið upp í 40.000 tonn í þeim fjörðum í framtíðinni.⁸

⁸ Að gefnum ákveðnum forsendum sem fram koma í [áhættumatinu](#).

2.5 Greining á veitum og sorpi

Helstu upplýsingar um stöðu á veitum og sorpi má finna í skýrslu EFLU frá 2019 með skjalalykil 4063-002-GRE001-V01. Ekki hafa orðið verulegar breytingar á stöðu veitna eða sorphirðu frá þeirri greiningu.

Líkt og fram kemur í þeirri skýrslu hefur raforkuflökt verið vandamál og kostað fyrirtæki mikla peninga þar sem dýr búnaður verður oft fyrir skemmdum. Í töflu 2.7 má sjá yfirlit yfir raforkutruflanir og skerðingar á Bíldudal og Patreksfirði undanfarin 10 ár.

TAFLA 2-7 Skerðingar og fjöldi rafmagnstruflana á Bíldudal og Patreksfirði

	Álag í MW	Fjöldi truflana 2011-2020	Skert orka alls MWh
Bíldudalur	4,4	38	17
Patreksfjörður	4,7	69	11,2

Líkt og sjá má af töflunni hafa undanfarin 10 ár orðið heldur færri truflanir raforku á Bíldudal en Patreksfirði. Hins vegar hafa þær truflanir ollið meiri orkuskerðingu yfir tímabilið í fyrr nefndum byggðakjarna en þeim síðari.


2.6 Greining á samgöngum

Helstu upplýsingar um stöðu á samgönguinnviðum má finna í skýrslu EFLU frá 2019 með skjalalykil 4063-002-GRE001-V01. Hér verður greint frá helstu breytingum frá þeim tíma.

2.6.1 Stofnvegir

Umferðarmagn (ÁrDagsUmferð ÁDU⁹) á stofnvegum í Vesturbyggð hefur lítið breyst frá 2017 til 2019. Umferðaraukningin er það lítil að hún má teljast innan skekkjumarka fyrir ÁDU. Sem dæmi var ÁDU um veg nr. 63 240 ökutæki á sólarhring árið 2017 og er 250 ökutæki á sólarhring árið 2019 (mynd 2-23).

⁹Árdagsumferð - meðalumferð á dag yfir árið.



MYND 2-23 Skjáskot af Vefsjá Vegagerðarinn með yfirlit yfir ÁDU 2019


2.6.1.1 Vetrarþjónusta

Á mynd 2-24 má sjá vetrarþjónustu Vegagerðarinnar fyrir veturinn 2020-2021. Mokað er alla daga á milli Patreksfjarðar, Tálknafjarðar og Bíldudals. Tengingin á milli þessara byggðakjarna fellur undir A reglu Vegagerðarinnar þ.e.a.s. þjónusta alla daga vikunnar. Hálkuvörn er misjöfn eftir vegköflum, sjá má á mynd 2-24 þjónustustig hálkuvarna.

Lokanir á vegum eru algengar yfir veturna bæði á milli byggðarlaganna þriggja og á Kleifaheiði á Barðastrandavegi. Í töflu 2-8 má sjá yfirlit yfir fjölda daga sem vegum hafa verið lokað á árunum 2018-2020. Lokanir geta hins vegar verið allt frá 1 klst. yfir í tæpa 17 klst. Í töflunni er aðeins gerð grein fyrir fjölda daga. Mismunur á milli ára stafar að mestu af veðurfarslegum ástæðum.

TAFLA 2-8 Yfirlit yfir lokanir yfir vetrartíma á Kleifarheiði og vegum yfir Hálfán og Mikladal.

VEGUR	FJÖLDI DAGA 2018	FJÖLDI DAGA 2019	FJÖLDI DAGA 2020
Kleifaheiði	22 dagar	5 dagar	27 dagar
Hálfán	21 dagar	7 dagar	19 dagar
Miklidalur	19 dagar	5 dagar	15 dagar



MYND 2-24 Yfirlitskort af vetrarþjónustu á sunnanverðum Vestfjörðum.

2.6.1.2 Slyss og óhöpp

Staðan á slysum og óhöppum er sambærileg árið 2021 og 2019. Flest tilkynnt umferðaróhöpp (óhöpp án meiðsla og slys með litlum meiðslum) á þjóðvegum eru útafakstur og í kringum Patreksfjörð. Fjögur alvarleg slys hafa verið á síðustu 10 árum. Eitt alvarlegt slys var árið 2014 er ekið var á gangandi vegfaranda á Patreksfirði. Annað var á Barðaströnd vegna falls af bifhjóli. Í þriðja og fjórða tilfallinu voru slysin á Vestfjarðarvegi annars vegar vegna bílveltu og hins vegar vegna falls af bifhjóli. Ekki er hægt að sjá að slysin séu árstíðabundin.

Erfitt er þó að segja til um þróun á heildarslysum milli árana 2019 og 2021 þar sem stór hluti slysa eru ekki tilkynnt, svo sem minniháttar slys og útafakstur.

3 SVIÐSMYND 4 OG 5 – STARFSEMI HÆTT/STARFSEMI FLYTUR

Sviðsmyndagreiningin sem tekin er fyrir í þessum kafla er ætlað að nýtast stjórnsýslunni í Vesturbyggð annars vegar við mat á afleiðingum þess ef slátrun og vinnsla í eldisfiski legðist niður á Bíldudal og hyrfi þar með úr sveitarfélaginu (sviðsmynd 4) og hins vegar mögulegar færslur á starfseminni innan sveitarfélagsins (sviðsmynd 5). Við gerð sviðsmyndanna er leitast við að segja sögu á sem raunhæfastan hátt og setja skipulega upp m.t.t. áhrifa á sveitarfélagið með sambærilegum hætti og þær fjórar sviðsmyndir sem greint var frá í skýrslunni „[Innviðagreining](#)“ frá árinu 2019. Mikilvægt er þó að ítreka að þeir sem taka ákvarðanir séu meðvitaðir um að sviðsmyndir koma ekki í staðinn fyrir hefðbundnar skipulagsaðferðir eins og íbúaspár og spár um húsnæðisþörf.

Aukning starfa í Vesturbyggð og íbúaaukning hafa ekki alltaf haldist í hendur. Þegar skoðað er hversu margir íbúar fylgi hverju starfi er notast við ákveðin viðmið. Hér á landi hefur m.a. verið stuðst við að hverju starfi fylgi um 2- 2,4 íbúar og jafnvel fleiri. Í Vesturbyggð hefur íbúaukning verið hæg og í raun hefur stundum fækkað þó svo að störfum hafi fjölgað.

Í kafla 1.2.2. kemur fram að 63% af heildarfjölda kjarnafjölskyldna innan Vesturbyggðar eru einstæðingar sem er töluvert hátt hlutfall miðað við víða annarsstaðar á landinu. Í dag eru um 570 störf skv. skráð í Vesturbyggð og tæplega 1.100 íbúar, ef horft er til þessarar grunnupplýsinga þá er 1,9 íbúi sem fylgir hverju starfi. Þetta er því nokkru lægra en þau viðmið sem stuðst er við. Það skal tekið fram að ekki er hægt að nálgast gögn um hvar fólk starfar miðað við búsetu og því ekki hægt að tengja þetta beint saman en slíkt gæfi bestu upplýsingarnar.

Forsendur sviðsmyndarinnar má sjá í töflu 3-1.

TAFLA 3-1 Yfirlit yfir sviðsmynd og forsendur þess.

SVIÐSMYND 4 – STARFSEMI HÆTT	FORSENDUR
Sviðsmynd 4 – starfsemi hætt	Núverandi starfsemi við slátrun og vinnslu á eldislaxi yrði hætt í Vesturbyggð. Sjókvíaeldi sem starfrækt er innan sveitarfélagsins yrði áfram til staðar.

Til að gefa yfirlit yfir stöðu innviða út frá þeirri sviðsmynd sem hér er dregin upp er notast við skýringar og liti skv. töflu 3-2.

TAFLA 3-2 Skilgreining á ástandi innviða

LITASKILGREINING	SKÝRING
	Ástand talið gott núna og til næstu 5 ára.
	Ástand talið ásættanlegt núna en ekki góðar horfur til næstu 5 ára. Ástand getur einnig verið háð óvissu.
	Ástand ekki talið ásættanlegt og/eða ekki í samræmi við lög og reglugerðir.

3.1 Sviðsmynd 4– starfsemi hættir

Sviðsmynd 4 byggir á því, líkt og kom fram hér á ofan, að sú slátrun og vinnsla sem nú er starfrækt á Bíldudal myndi hætta og þar með hverfa frá sveitarfélaginu. Það sjókvíaeldi sem starfrækt er innan sveitarfélagsins, bæði í Arnarfirði og Patreksfirði, yrði hins vegar áfram til staðar í sambærilegri mynd og nú er. Forsendur fyrir sviðsmyndinni má sjá í töflu 3-2.

Afleiðing af sviðsmyndinni er sú að þau tæplega 80 stöðugildi sem undanfarið hafa verið til staðar á Bíldudal við slátrun og vinnslu á eldislaxi munu hverfa þaðan sem, að öðru óbreyttu, myndi þýða fólksfækkun í kringum 130 manns í sveitarfélaginu. Í ljósi þess að sjálft sjókvíareldið yrði þó áfram til staðar á svæðinu í óbreyttri mynd er mikil óvissa til staðar um áhrif þeirrar fækkunar á afleidd störf. Í skýrslu Byggðastofnunar um [byggðaleg áhrif fiskeldis](#) frá árinu 2017 kemur m.a. fram að Landssamband fiskeldisstöðva áætli að afleidd störf við fiskeldi séu 0,8 störf ofan á hvert eitt starf. Svo ef starfsemi í kringum sjókvíareldið sjálft færi niður í algert lágmark gæti heildarfækkun starfa orðið um 140 og íbúafækkun um allt að 240 manns.

Í töflu 3-3 má sjá yfirlit yfir áhrif á innviði og hvaða aðgerða mælt sé með að sveitarfélagið grípi til að lágmarka þau áhrif.

DRAFT

TAFLA 3-3 Samantekt á áhrifum á innviði og aðgerðir af viðbótarsviðsmynd 4

INNVIÐIR	ÁHRIF	NIDURSTAÐA
Landnotkun		
Hafnarsvæði	Losnar um pláss við höfnina á Bíldudal og á Patreksfirði	Krefst ekki aðgerða
Athafna og/eða iðnaðarlóðir	Óbreytt ástand mögulega gæti losnað um nokkrar lóðir	Krefst ekki aðgerða
Íbúðarsvæði	Minni þörf á nýjum lóðum undir íbúðarhúsnæði	Krefst ekki aðgerða
Húsnæðismál	Losnar um íbúðar- og atvinnuhúsnæði vegna þess að störfum fækkar sem getur leitt af sér einhverja brottflutninga	Krefst ekki aðgerða
Veitur og sorp		
Vatnsveita	Álag á veitukerfi minnkar	Kanna þarf afkastagetu vatnsbóla til að tryggja grunnupplýsingar um vatnsveitu Afla þarf upplýsinga um afkastagetu brunahana af öryggisástæðum Vatnstankar eru til mikilla bóta fyrir rekstraröryggi veitna
Raforka	Afhendingaröryggi er ábótavant ekki aukning á raforkunotkun	Þrýsta þarf á úrbætur bæði hjá Orkubúi Vestfjarða og Landsneti
Fráveita	Ekki aukning inn á kerfið en fráveita stenst ekki lagakröfur	Vinna er í gangi við að útbúa aðgerðaráætlun til að uppfylla lög og reglugerðir um fráveitur til framtíðar
Fjarskipti	Nettengingar í þéttbýli ekki fullnægjandi í mörgum tilfellum, staðan í dreifbýli ásættanleg Fjarskiptasamband um farnet ágætt í þéttbýli en síðra í dreifbýli Netsamband á Látrabjargssvæðinu er ábótavant	Unnið er að uppbyggingu ljósleiðara í dreifbýli Hefja vinnu við að skoða kosti við ljóðsleiðaravæðingu þéttbýlis Efla þarf fjarskiptaöryggi við Látrabjarg
Sorp	Minna sorp frá íbúum og atvinnurekstri Lög og reglugerðir vegna sormála eru að herðast	Skoða stöðu Vesturbyggðar gagnvart skyldum og markmiðum laga, reglugerða og svæðisáætlunar og meta um leið stöðuna miðað við önnur sveitarfélög í landinu
Samgöngur		
Stofnvegir	Minni flutningur fólks og afurða innan svæðis og til og frá svæðinu	Þrýsta þarf á úrbætur til að snúa við neikvæðri byggðapróun Tryggja að verkefni sem eru á samgönguáætlun haldist inni og verði framkvæmd
Flugvellir	Þjónustustig talið fullnægjandi	Krefst ekki aðgerða
Hafnir/siglingar	Núverandi hafnir geta sinnt hlutverki sínu	Vinna við viðlegukant lýkur á árinu 2021.
Samfélag		
Samfélagsþjónusta	Með fækkun íbúa getur verið að sveitarfélagið þurfi að draga úr þjónustu m.v. íbúafjölda.	Mikilvægt að halda áfram þeirri þjónustu sem er í dag miðað við grunnástand
Tómstundir og mannlíf	Fólksflótti getur haft neikvæð áhrif á menningu og ferðaþjónustu, þegar færri starfsfólk er til að sinna hlutum á borð við söfn eða veitingasölu	Mikilvægt er að halda jákvæðum anda til að hefja sókn til að snúa við neikvæðri íbúaþróun

3.2 Sviðsmynd 5- færsla á starfsemi

Í samráði við sveitarfélagið var ákveðið að skoða þrjár mögulegar staðsetningar til framtíðaruppbyggingar í laxeldi á landi:

- 0-kost – núverandi staðsetning
- Starfsemi flytur á hafnarsvæði á Patreksfirði
- Starfsemi flytur á nýja landfyllingu innan Bíldudals, við Strandgötu 9.

Helstu forsendur fyrir slíkum flutningum er að unnt sé að auka framleiðslu á eldislaxi upp í allt að 40.000 tonn eða starfsemi sem getur rúmast á 10.000 m².

Til að meta möguleika á færslu starfseminnar verður fyrst og fremst að horfa til heppilegrar staðsetningar þar sem svigrúm er fyrir stækkandi starfsemi fiskeldis.

3.2.1 Mögulegar staðsetningar

Á meðfylgjandi myndum má sjá samanburð á mögulegri staðsetningu 10.000 m² mannvirkis fyrir starfsemi laxeldis innan landsvæðanna þriggja.

Mynd 3-1 sýnir mismunandi stærðir við núverandi starfsemi fiskvinnslunnar á Bíldudal. Stóru reitirnir eru 5.000 m² og þar er þá gert ráð fyrir byggingu á tveimur hæðum. Fyrir byggingu á einni hæð þarf því tvöfalt stærri lóð. Reitur 1 sýnir mögulega svæðisþörf fyrir 5.000 m² byggingu við Strandgötu 1 og reitur 2 núverandi staðsetningu vinnslunnar. Reitur 3 sýnir loks 5.000 m² svæði við Hafnarsteig 4.



MYND 3-1 Bíldudalur við Strandgötu

Á mynd 3-2 sést möguleg staðsetning fyrir fiskvinnsluna á landfyllingu í norðurhluta Bíldudals á lóð við Strandgötu 9. Guli reiturinn sýnir hús að stærð um það bil 6800 m².



MYND 3-2 Möguleg staðsetning á Bíldudal.

Mynd 3-3 sýnir mögulega staðsetningu fyrir fiskvinnsluna á Patreksfirði. Guli ramminn sýnir húsnæði að stærð um það bil 6800 m².



MYND 3-3 Möguleg staðsetning á Patreksfirði.

Eins og sjá má á myndum 3-1 – 3-4 eru möguleikar á að stækka/auka við starfsemi fiskeldisins á nýrri landfyllingu við Strandgötu 9 í Bíldudal g á Patreksfirði.

3.2.2 Áhrif af færslu starfseminnar

Til að gefa yfirlit yfir áhrif flutningsins voru áhrif hans á innviði skoðaðir. Notast er við skýringar og liti skv. töflu 3-4.

TAFLA 3-4 Skilgreining á áhrifum af færslu starfsemi frá núverandi staðsetningu.

LITASKILGREINING	SKÝRING
	Færslan eykur möguleika á stækkun vinnslunnar/lítil þörf á breytingum innviða.
	Færslan gefur litla möguleika á stækkun vinnslunnar/einhver þörf er á breytingu á innviðum.
	Færslan gefur litla sem enga möguleika á stækkun vinnslunnar/mikilla breytinga er þörf á innviðum.

Ef slátrun og vinnsla í eldisfiski flyst frá núverandi staðsetningu í Bíldudal og að nýrri landfyllingu við Strandgötu 9, þarf að hanna veitu og lagnakerfi með það í huga. Eins ef vinnslan flyst til Patreksfjarðar þarf að endurskoða getu lagna og veitukerfis þar.

Tafla 3.5 sýnir áhrif færslunnar á starfsemi við laxeldisvinnslu sem og innviði í sveitarfélaginu.

TAFLA 3-5 Samantekt á áhrifum á innviði og aðgerðir á þremur mismunandi valkostum skv. sviðsmynd 5.

INNVIÐIR	BÍLDUDALUR – STRANDGATA 1	BÍLDUDALUR – LANDFYLLING STRANDGATA 9	PATREKSFJÖRÐUR
Landnotkun			
Hafnarsvæði	Núverandi staða - Þarf að endurhanna ef stækka á starfseminu.	Flytja þarf vörur frá höfninni að Strandgötu 9. Ekki mikill munur miðað við núverandi starfsemi.	Engin töluverður munur miðað við núverandi starfsemi. Hins vegar eru miklir möguleikar á hagræðingu á starfsemi ef nýr hafnarkantur er byggður við vinnsluhúsið.
Athafna og/eða iðnaðarlóðir	Litlir möguleikar til stækkunar.	Nýtt svæði – möguleiki á stærra húsnæði.	Möguleiki á að finna lóð.
Veitur og sorp			
Vatnsveita	Núverandi staða - Þarf mögulega að endurhanna ef stækka á starfseminu.	Þarf mögulega að hanna nýjar lagnir út frá starfseminni sem verður á svæðinu. Kanna þarf afkastagetu vatnsbóla til að tryggja grunnupplýsingar um vatnsveitu.	Kanna þarf afkastagetu vatnsbóla til að tryggja grunnupplýsingar um vatnsveitu. Þarf mögulega að endurbæta veitukerfið til að anna eftirspurn.
Fráveita	Núverandi staða - Þarf að endurhanna ef stækka á starfseminu.	Þarf mögulega að hanna nýjar lagnir út frá starfseminni sem verður á svæðinu.	Þarf að endurbæta veitukerfið til að anna eftirspurn. Vinna þarf að aðgerðaráætlun til að uppfylla lög og reglugerðir um fráveitur til framtíðar.
Hitaveita	Bíldudalur er á skilgreindu köldu svæði og engin hitaveita til staðar. Vatn er hitað með rafmagnskyndingu.	Bíldudalur er á skilgreindu köldu svæði og engin hitaveita til staðar. Vatn er hitað með rafmagnskyndingu.	Fjarvarmaveita. Möguleiki að nýta glatvarma frá vinnslu.
Raforka	Núverandi staða - Þarf að mögulega að endurhanna ef stækka á starfseminu.	Sambærilegt og núverandi staða. Þarf mögulega að endurhanna ef stækka á starfseminu.	Þarf að athuga hvort þurfi að auka afkastagetu raflagnakerfisins. Fleiri truflanir sbr. við Bíldudal.
Fjarskipti	Ljósleiðaratenging.	Ljósleiðaratenging á svæðinu.	Ljósleiðaratenging frá Snerpu á svæðinu.
Sorp	Núverandi staða. Þarf að innleiða sérstaka söfnun á lífrænum úrgangi fyrir lok árs 2023.	Sambærilegt miðað við núverandi stöðu. Þarf að innleiða sérstaka söfnun á lífrænum úrgangi fyrir lok árs 2023.	Sambærilegt miðað við núverandi stöðu. Þarf að innleiða sérstaka söfnun á lífrænum úrgangi fyrir lok árs 2023.
Samgöngur			
Stofnvegir	Núverandi staða – Margir lokunardagar á veturna geta tafið flutning á vörum.	Núverandi staða – Margir lokunardagar á veturna geta tafið flutning á vörum.	Ferðatími með vörur minnkar eilítið. Einnig eykst ferðatími þeirra starfsmanna sem búa á Bíldudal en þar sem upplýsingar skortir um búveru starfsmanna gæti ferðatími stýst fyrir aðra. Margir lokunardagar á veturna gera starfsmönnum erfiðara að komast í vinnuna og geta tafið flutning á vörum.

INNVIÐIR	BÍLDUDALUR – STRANDGATA 1	BÍLDUDALUR – LANDFYLLING STRANDGATA 9	PATREKSFJÖRÐUR
Flugvellir	Núverandi staða.	Núverandi staða.	Lengri vegalengd til flugvallarins.

DRÖG

Eins og sést í töflu 3-5 eru báðar nýju staðsetningarnar betri en núverandi staðsetning þar sem litlir möguleikir eru á að stækka vinnsluna á núverandi lóð. Staðsetning lóðarinnar á hafnarsvæðinu á Patreksfirði gefur möguleika á dælingu lifandi fisks beint til slátrunar í vinnslunnar sem er mikill kostur.

3.3 Aðrir möguleikar/starfsemi í stað núverandi

Ef til þess kemur að Arnarlax ákveður að fara frá Bíldudal með fiskvinnslu sína er ýmislegt sem hægt er að gera við núverandi húsakynninn á Strandgötu 1. Meðal annars væri hægt að skoða:

- **Miðlæg þjónusta við laxeldið.** Byggja enn frekar upp miðlæga þjónustu fyrir fiskeldi á sunnanverðum Vestfjörðum á Bíldudal. Viðhald á kvíum og búnaði, þvottur á netum, kafara-þjónusta, umhverfisvöktun.
- **Höfuðstöðvar Arnarlax.** Flytja ekki endilega þó slátrunin flytjist. Mjög jákvætt að vera nálægt eldinu sjálfu. Kallar á aukna innviði í fjarskiptum þar sem vægi fjarvöktunar á eldinu er sífellt mikilvægara og að geta fylgst með öllu eldi í rauntíma.
- **Vinnsla á hvítfiski.** Hvítfiskur getur verið ræktaður út í miðjum firðinum í búrum neðansjávar. Ef seiðum er sleppt í búrin er slík starfsemi utan kvótakerfisins.
- **Framleiðsla á vetni.** Samfélagið þarf að undirbúa sig fyrir orkuskipti. Hver einasta höfn á Íslandi þarf að geta útvegað vetni fyrir smábáta og flutningabíla. Eftir um 8-10 ár verða flutningabílar á Íslandi knúnir af grænni orku og góður möguleiki að það verði að hluta til vetni.
- **Frauðplast kassaverksmiðja.** Gæti mögulega verið staðsett þar sem núverandi starfsemi Arnarlax er.
- **Kalkpörungar.** Frekari þróun og úrvinnsla á vörum sem nýta sé hráefni frá kalkpörungaverksmiðjunni á staðnum.

4 NIÐURSTÖÐUR

Ljóst er að afleiðingar geta verið miklar ef starfsemi Arnarlax við slátrun og vinnslu á eldislaxi hverfur frá sveitarfélaginu. Möguleikar eru á að íbúum fækki um allt að 130 manns, sem er fólks fækkun um allt að 10 %. Þetta getur meðal annars haft þær afleiðingar að sveitarfélagið þurfi að draga úr samfélagsþjónustu og ferðaþjónusta verður árstíðarbundnari. Aðrar og e.t.v. veigameiri afleiðingar felast í því að við flutning á vinnslunni frá sveitarfélaginu missir sveitarfélagið af þeim störfum sem myndu skapast við stækkun vinnslunnar samfara aukningu í fiskeldi svæðisins á næstu áratugum.

Ef Arnarlax ákveður að flytja slátrun á laxi frá sveitarfélaginu eru þó möguleikar í boði til að nýta núverandi aðstöðu á Bíldudal fyrir aðra notkun. Það myndi þýða minni þörf á uppbyggingu innviða en erfitt er að meta hvort og hversu mikil áhrif það hefði á fækkun/fjölgun íbúa þar sem slíkt er háð því hvaða starfsemi kæmi í húsnæðið.

Vænlegast er því að stefna að færslu starfseminnar innan sveitarfélagsins þar sem núverandi starfsemi á Bíldudal mun setja starfseminni skorður hvað framtíðaruppbyggingu varðar, nema að sá kostur yrði valinn að samnýta þá uppbyggingu sem mögulegt er að fara í á umræddri landfyllingu á Bíldudal við núverandi starfsemi á Strandgötu 1.. Báðar nýju staðsetningarnar sem skoðaðar voru eru vænlegri en núverandi staðsetning hvað er stækkun starfseminnar varðar og ekki er mikill munur á innviðagreiningu þeirra staðsetninga. Staðsetning lóðar fremst á eyrinni á Patreksfirði felur hins vegar í sér hagræði sem er ekki á Strandgötu 9 á Bíldudal. Auk þess er flöt eyrin ekki fullnýtt í nálægð við fyrirhugaða lóð sem felur í sér sveigjanleika til framtíðar.